

Nd.

79. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

4. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, orðist svo:

Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er innheimta skal í kaupstöðum og kaup-túnum með yfir 300 íbúa skatta til rikissjóðs, brunabótagjöld, bæjar-, sveitar- og kirkjugjöld, svo og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem þar tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

Ástæður:

Það er orðið svo umfangsmikið starf að innheimta opinber gjöld í hinum stærri kaup-túnum, og þeir starfsmenn hins opinbera, sem innheimtuna

annast, eru svo lágt launaðir, að engin von er þess, að þeir geti offrað þeim mikla tíma, sem til þess þarf. Þá er og þess að gæta, að það er tiltölulega kostnaðarsamt fyrir hina fátækari gjaldendur að þurfa að greiða birtingarkostnað lögtaks á smáupphæðum. Eru þess mörg dæmi, að kostnaður við birtingu lögtaks hefir orðið hærri en gjaldið, sem taka á lögtaki.

Þar sem telja má jafntryggt, að skuldunautur fái vitneskju um lögtakið í kauptúnunum sem í kaupstöðum, með því að birta það með auglýsingu í kauptúninu, þá virðist ekkert því til fyrirstöðu, að slík auglýsing um lögtak á opinberum gjöldum sé látin nægja í kauptúnunum, eins og nú er í kaupstöðum.